



2, 7.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Júní 1907

GERUM VIÐ NÓG FYRIR BÖRNIN OKKAR?

Því er fljótsvarað. Og svarið er: Nei! Ekki neitt líkt því! Miklu meira þarf að gera fyrir þau en gert er. Þau krefjast þess sjálf. Þjóðin okkar krefst þess. Og þá gerir kristin kirkja það.

Höfum við heyrt, hvernig á okkur er kallað? Hvernig börnin kalla? Ekki nógu vel. Ekki nógu nærri okkur. Til raddarinnar höfum við heyrt í of miklum fjarska. Höfum eins og heyrt óminn. En nægilega vel höfum við ekki heyrt til þess að röddin yrði okkar eigin rödd, er hið innra með okkur kallaði á okkur að gera meira.

Brún nauðsyn er að hugsa um *fullorðna* fólkið. Allir undir árar, er róíð geta!—er kallið. Þjóðin kallar—segja sumir Þjóðin og kirkjan kallar—segja aðrir. Þjóðin, kirkjan og hver einstaklingur út af fyrir sig kallar—segja enn aðrir.

Við megum ekki hverfa eins og dropi í sjóinn. Til þess er fundið, og að vonum. Alt verður því að gera, sem unt er—*fyrir fullorðna fólkið*—, til þess að varna okkur því víti.

Eins og hvern mann ætti eðlilega að óa við þeirri hugsun að eiga að verða að engu, eins ætti hvern sannan Íslending, sem

ant er um sóma sinn og sóma þjóðar sinnar, að óa við þeirri hugsun, að fyrir henni eigi að liggja að verða hér í landi að engu.

Aldrei má það verða! Fósturjörðin og allar helgar vættir hennar, sem staðið hafa á verði um vé hennar, vænta þess, að hver ærlegur Íslendingur geri hér skyldu sína, og vinni sleitulaust að því, að við ekki verðum undir í þjóðernis-baráttu þeirri, sem við eigum í.

En þá þurfa blöð og bækur og tímarit að koma út og verða ðe-in, sem orðið geti okkur að megingjörðum í baráttunni og hjálpi til sigurs. Og um það hefur verið hugsað og að því unnið—fyrir *fullorðna fólkið*.

En er fullorðna fólkið *þjóðin*? Vitanlega ekki! En er það þá hið lang-nauðsynlegasta, að hugsa mest fyrir þeim hlutanum, *fullorðna fólkinu*, og láta svo hinn hlutann, unga fólkið, heldur vera á hakanum? Og er það viturleg aðferð til þess að tryggja okkur sigur í baráttunni?

Viturlega þykir ekki farið að, ef um tré er mest hugsað, þegar það er orðið stórt. En viturlegt hefur okkur fundist það vera af okkur, að hugsa mest um fullorðna fólkið—að leggja mesta stund á að verja það og votryggja gegn öllum þjóðar-voða. Við eigum minna á hættu með börnin og unga fólkið. Það hefur verið skoðunin. Börnin og unglíngarnir koma á eftir. Þegar þeir eru orðnir fulltíða, fara þeir að lesa blöðin og bækurnar og tímaritin fyrir fullorðna fólkið.

En hvað ætli verði margt af fullorðnu fólki hjá okkur bráðum, sem kærir sig um að lesa nokkuð á íslenzku, ef ekki er gert meira en gert er fyrir börnin og ungmennin? Ef þeim er ekki kent og komið til að lesa neitt á íslenzku? Ef ekkert á íslenzku er aðlaðandi fyrir þau, og svo fallett, að auganu sé skemtun að horfa á það?

Kvartað hefur verið yfir því, að uppvaðandi kynslóðin vilji ekki lesa neitt á íslenzku. En er henni um að kenna? Er það ekki uppskeran af því, sem sáð hefur verið? Er ekki þessi óbeit hjá henni afleiðing sinnuleysis okkar og vanvits? Við höfum ekki verið vakin og sofin í því að kenna henni að lesa á íslenzku og koma henni til þess. Okkur hefur ekki fundist það

svo bráð-nauðsynlegt að sjá um, að hægt væri að láta í hendur henni það, sem væri við hæfi hennar og hún gæti lesið og vildi lesa og hefði unum af að lesa. Við höfum ætlast til þess, að unga fólkið læsi það, sem ritað er fyrir fullorðna fólkið, ef við höfum ætlast til þess að það læsi nokkuð. Við höfum heimitað af því, að það væri eins og hinir fullorðnu. Okkur hefur fundist það stafa af gjálífi hjá unglingunum, ef þeir hafa ekki viljað hlusta á okkur, þegar við höfum verið að tala til fullorðins fólks. Eða þegar þeir hafa ekki viljað lesa það, sem skrifað var fyrir fullorðna fólkið. Okkur hefur gramist það. Svona nærgætnir höfum við verið.

Misvitrir höfum við Íslendingar marg-oft verið. En greinilegast hefur það, að því er virðist, komið í ljós í því, hve lítið hefur verið hugsað fyrir börnunum hjá okkur og unglingunum—hve litla rækt við höfum lagt við það að *undirbúa* góða uppskeru á þjóðarakrinum íslenska.

Engu að síður höfum við átt von á góðri uppskeru. Vit-anlega! Og eigum sjálfsagt enn þá von á henni. En sú tröllatrú!

Lífum við á henni, tröllatrúnni, að því er snertir framtíð íslenzks þjóðernis hér í landi, þá verðum við umskiftingar — hreinir og beinir umskiftingar þjóðernislega, hvað mæðarlega sem við mösum um mentun og annað þesskonar, sem mikið fer fyrir í munni.

Okkur er nær að masa minna, en vakna betur og vinna meir fyrir börnin okkar og unglingana. Ekki álíta okkur of mikla og gáfada til þess að tala við börnin. Né heldur álíta, að á glæ sé kastað gáfum og lærdómi, ef brúkuð eru til þess að rita fyrir börn og unglinga. Við megum sannarlega ekki setja það fyrir okkur, þó að minna verði þá tekið eftir okkur. Heldur ekki setja það fyrir okkur, að íslenzkan muni ekki ná Fjallkonu-svip sínum, eða að ekki komist að fordildin með stóru orðin og skrúfaða málið, ef rita eigi á máli barna og unglinga.

Ef við elskum þjóð okkar og berum virðingu fyrir sjálfum okkur, þá verðum við að hugsa betur fyrir börnunum og unglingunum. Við verðum að gera alt, sem unt er, til þess

að koma íslenzkunnri inn hjá þeim. Verðum að færa okkur í nyt alt, sem guð hefur gefið okkur til þess. Fállegar myndir og söngur eru nauðsynleg til þess. Áriðandi er, að íslenzkan komi til þeirra í sambandi við það, sem fállegt er. Að þau kynnist henni einmitt á þann hátt. Að fyrstu og varanlegustu hugmyndir þeirra um málið okkar og þjóðernið verði í geisla-ljósi hins *fagra*, en ekki í rökkri hins ljóta og lúalega.

Hingað til hefur að mestu leyti viðkvæðið virst vera þetta: Það er nógu gott fyrir börnin! Ekki ríður á að vanda það, úr því það á að vera fyrir börnin! Ekki háfa þau neitt vit á því!

Skömm í hattinn sinn ætti hver að fá, sem talar slíkt, eða þá duglega „á hann“.

Það er ekkert of fállegt fyrir börnin.

Nú kemur kirkjuþing saman. Ætti það í verkinu að sýna, að það álíti ekki unglínga-málið sér nær því óviðkomandi eða telji það með hinum minni háttar málum. Ætti það að sýna, að það skilji köllun sína, með því að skipa því sæti með önd-vegis-málum sínum. Og gera eitthvað, sem gagn er að. Treysta því, að börnin endurgjaldi.

Þau endurgjalda alt, sem gert er fyrir þau að gagni. Engir gjalda eins háa vexti af því, sem varið er þeim til gagns og góða, eins og börnin og unglíngarnir. Það er áreiðanlegt.

HLÝÐIÐ!

Í stórri borg einni fyrir nokkru var húsbrenni eins og oft kemur fyrir. Stórhýsi eitt úr múrsteini var að brenna. Slökkviliðið var komið. Mönnunum með vatnsslöngurnar hafði verið skipað að standa með þær undir veggnum, sem vissi fram að strætínu. Þeir gátu ekki í senn veitt múrnum eftirtekt og séð um að beina rétt vatnsstraumnum í eldinn. Vegginn létu þeir því eiga sig, en hugsuðu eingöngu um að stjórna rétt slöngunum.

En sá, sem alla stjórn hafði á hendi, höfðinginn þeirra, tók vel eftir hættu þeirri, er þeir voru staddir í. Og þótt hann

þyrfti að vera á þönum hingað og þangað með skipanir sínar, gleyndi hann ekki að hafa stöðugt auga á veggnum.

Alt í einu tekur hann eftir því, að efsti hluti veggjarins er farinn að skjálfa, og skilur óðar, að veggurinn er kominn að því að hrynja. Hleypur því að vörmu spori út á strætið og kallar hátt og skýrt til manna sinna: „Hörfið undan!“

Þeir voru vanir við að hlýða skipunum höfðingja síns undir eins, og hörfuðu því óðar undan og hlupu yfir strætið. Fáum augnablikum seinna skall veggurinn, og bletturinn, þar sem mennirnir höfðu staðið, var hulinn rústum.

Atvikið má nota fyrir daglega lífið. Höfðinginn okkar, hinn alsjáandi guð, gefur nákvæmlega gætur að hverri lættu, sem við erum staddir í. Þegar við freistumst, erum við í hættu staddir, og þá kallar hann: „Hörfið undan!“

Hlygginn er sá drengur, sem heyrir þá og hlýðir, áður en hættan dettur á hann.

Það er engin ragmenska að hörfa undan, þegar eins stendur á, heldur einmitt það, sem á við þá. Viðvörðunin kemur ætíð í tæka tíð. Og þá er skylda okkar að vera eins fljótir að hlýða eins og slökkviliðið var.

Drengir! hörfið undan — þegar drottinn kallar.

Úr *Boy's World*.

ÞAD ER EKKI TIL NEINS!

Það er margt ljótt orðið talað. En með hinum allra ljótustu er þetta oft. Þegar það er orð vantrúar og vantrausts, kærleiksleysis og leti — *orð vonds vilja*.

Þegar um gott málefni, sem drottinn vill að unnið sé að, er sagt: „Það er ekki til neins að reyna það!“ — ósköp er það ljótt!

Ef postularnir hefðu sagt um verkið, sem Jesús fékk þeim í hendur: „Það er ekki til neins að reyna það!“;— ef Lúter hefði sagt um verkið, sem guð kallaði hann til að vinna: „Það er ekki til neins!“;— og ef þúsundir af mönnum, sem unnið hafa stórvirki í heiminum mönnum til blessunar, er virtist

þeim ofvaxið, hefðu sagt þetta ljóta orð: „Það er ekki til neins!“ — hvernig ætli þá hefði lítið út í heiminum nú?

Hvað það getur verið ljótt að segja um mann, sem vondur er og þarf að hafa áhrif á til góðs: „Það er ekki til neins! Hann getur ekki orðið annar en hann er!“

Hugsum okkur, að Jesús hefði sagt um okkur mennina: „Það er ekki til neins að deyja fyrir þá!“—En hann sagði það ekki. Guði sé lof.

Hann hefði þó mátt segja það um *suma*, en ekki *alla* — halda sumir. Auðvitað ekki um þá — finst þeim. Ef einhverjir eru vondir, þá eru það aðrir. Ef ljótt finst í fari einhvers, þá er það æfinlega hjá einhverjum öðrum, en ekki hjá þeim. Svona mikil er auðmýktin!

Líklega ætla fáir, að lítið barn í vöggu muni geta haft mikil áhrif til góðs. Vitanlegt sé, að það geti ekki gert neitt, hugsa flestir, nema að láta hafa fyrir sér. Og að búast við neinu öðru úr þeirri átt sé tóm heimská. En ekki er það nýtt, að drottinn notar það, sem lítilfjörlegt er, til þess að gera þeim kinnroða, sem miklir þykjast vera.

Fyrir nokkrum árum átti maður nokkur ríkur, mesta peningasál, heima í einu austur-rikkjanna í Bandaríkjunum. Einu sinni sem oftast kemur hann til leiguliða síns eins, til þess að innheimta húsaleiguna. Bóndinn er ekki heima, en konan situr hjá vöggu litla barnsins síns, þegar hann kemur inn. Hún fer inn í næsta herbergi að sækja leigu-peningana. Á meðan situr maðurinn hjá vöggunni. Barnið fer þá að fitla við höndina á honum og lítur upp á hann með hinu einkennilega brosi barnsins.

Þegar barns-höndin snerti hann, var eins og hann yrði mintur á himininn og sakleysishugsunin vaknaði í sálu hans. Og í brosi barnsins var eins og ljósgeisli frá guði kæmi inn í hjarta hans.

Þessi maður fór frá vöggunni annar maður en hann hafði komið. Barnið litla í vöggunni hafði breytt honum. Peningasálin varð að kærleiksríkri sál. Guð gat þannig komið fram vilja sínum fyrir hönd barns, sem ekkert gat, nema að eins þetta: að láta í té ósjálfrátt og sjálfkrafa kærleika sinn og

sýna hreinleika þann, sem því var eiginlegur.

Nú fyrir skömmu er þessi maður dáinn. Engan auð lét hann eftir sig annan en kærleiksverk þau, sem hann hafði verið fjármanum sínum til þess að vinna. Enda er það bezti auðurinn, sem unt er að láta eftir sig.

Þegar við nú hugsum um, hverju litla barnið að tarna kom til leiðar, megum við þá segja: „Það er ekki til neins!“ Þegar ræða er um eitthvað til góðs, sem við eigum að gera? — Ó nei! Ljóta orðið það megum við ekki segja, hvorki með ~~manni~~ eða í hjarta okkar.

Ef við viljum vera börn í hendi guðs, getum við gert mikið til blessunar, án þess við vitum af. Orðið hjálp málefnum og mönnum, er sumir kunna að segja um: „Það er ekki til neins!“

Og líka þegar um það er að ræða, að leggja niður einhvern ljótan vana eða stríða gegn því, sem vont er og ljótt—þá að segja *aldrei*: „Það er ekki til neins!“ Á því ríður. Og sömuleiðis, þegar við eigum að læra eitthvað, þá má ekki segja: „Það er ekki til neins!“ Það er bara letin og viljaleysið, sem talar þá í okkur.

Ó! að við, í stað þess að segja: „Það er ekki til neins!“, lærðum að segja: „*Já, drottinn, eg skal gera það.*“



SÖGUR UM DÝR.
(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

VII.

Í klaustri einu var sá siður, að þeir, sem komu of síðla til máltíðar, hringdu bjöllu einni, og rétti þá matsveinn þeim einn skamt út um holu með renniloki fyrir. Í klaustri þessu var hundur einn. Hann gaf nákvæmar gætur að öllu þessu, með því að hann oftast nær fékk þá bein að naga; en leifar þessar nægðu honum ekki alla-jafna til saðningar, en hann lét sér þær þó lynda. Einhvern dag var það, að hann hafði ekkert fengið að jeta; hann fór því sjálfur að reyna að bíta bjöllustrenginn með tönnunum, og hringja bjöllunni. Mat-

sveinninn ætlaði, að einhver klausturbúa hringdi bjöllunni, og rétti út eins manns verð. Hundurinn lét sér það að kemningu verða, og tók þegar til matar, og félst honum vel á. Næsta dag tók hann til sama bragðs, og þurfti þá ekki framur að bíða annarra. Matsveinninn varð þess bráðum var, að heimtað var af honum einum skamt of mikið, og bar sig upp um það. Nú var farið að grenslast eftir, og að síðustu varð sú raunin á, að það var hundurinn, sem skamtinn heimti.

O

TIL GAMANS.

Hann hafði lært það seinna.

Faðirinn við drenginn sinn: Villi minn! Þegar eg var drengur, skrökvaði eg aldrei.

Villi: Hve nær lærðurðu það þá, pabbi?

Móðir við dreng sinn, sem búinn var að leika sér úti í skógi liðlangan daginn og kom heim líúinn og svangur: — Jæja þá, Beggi minn! Ætli þú sért nú búinn að fá nóga lyst a matnum þínum?

Drengur: Já, mamma! En hefir þú nógan mat fyrir lystina mína?

„*Límreiðin*“, eitt fjölbreyttasta íslenska tímaritið. Kemr út í Kaupmannahöfn. Ritst. dr. Valtýr Guðmundsson. 3 hefti á ári, hvert 40 ct. Fæst hjá H. S. Bardal í W.peg, Jónasi S. Bergmann á Garðar o. fl.

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnblaðið nýja—er sérstök deild í „*Sam.*“, hálf örk. *Address* ritstjóra „*Barnanna*“: Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „*Sam.*“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „*Sam.*“ og „*Barnanna*“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.